

7. gr.

Reikning sjóðsins skal birta ásamt reikningi Skógræktarfélags Íslands í árs-
riti félagsins. 12. maí

77

8. gr.

Leita skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir 78
„Minningarsjóð um Guðmund Sigurðsson frá Ökrum“, útgefin á venjulegan hátt 12. maí
ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. maí 1941.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Guðmund Sigurðsson frá Ökrum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Guðmund Sigurðsson frá Ökrum.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Hjalta Jónssyni skipstjóra, Reykjavík, tengdasyni
hans, með 500 króna gjöf.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. allir vextir og vaxtavextir af sjóðnum þar til hann er orðinn kr. 5000.00, en síðan hálfir vextir, og
2. gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Sjóðurinn er eign Skógræktarfélags Íslands.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja trjárækt og ef Skógræktarfélag Íslands fær framgengt áformum sínum um friðun lands í nágrenni Reykjavíkur til almenningsnota, þá skal verja hálfum vöxtum sjóðsins, þegar hann er orðinn kr. 5000.00, til trjáræktar á því landi, en annars þar, sem stjórn Skógræktarfélags Íslands ákveður.

7. gr.

Reikning sjóðsins skal birta ásamt reikningi Skógræktarfélags Íslands í árs-
riti félagsins.

8. gr.

Leita skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.